

Nd.

508. Nefndarálit

um frumv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur, að svæði það, sem friðlýsa á með frumv. þessu, sje alt of stórt og álitur, að Þingvallasveit verði bráðlega úr sögunni sem sjálfstæð sveit, ef frv. verður samþykkt og ákvæðum þess framfylgt. Friðun þessa stóra svæðis mun kosta mikið fje, fyrst og fremst vegna girðinga, sem setja þarf, og viðhaldskostnaðar á þeim, og vegna skaðabóta, sem greiða þarf ábúendum jarða, sem rýrna í notagildi vegna friðunarinnar. Minni hlutinn fær ekki betur sjeð en að minsta kosti 4 jarðir muni bráðlega leggjast í eyði, ef frumv. verður samþykkt, því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að aðalkostur Þingvallasveitar er, hversu gott þar er fyrir sauðfje, en þessi kostur verður að engu. Hins vegar er sveitin illa fallin til túnræktar og því ekki miklar líkur til, að bændur geti þrífist þar á kúarækt einni, ekki síst þar sem þeir vegna samgangnaleysis mundu ekki geta komið afurðum sínum á markað nema um sumartímann.

Aftur á móti telur minni hlutinn sjálfsgagt, að hinn forni þingstaður og næsta nágreppi hans sje friðað, en þykir ekki eftir öllum atvikum nein líkindi á, að brtt. í þá átt mundu ná fram að ganga. Fyrir því berum við ekki fram brtt. við frumv. En skyldi það koma í ljós við 2. umr. máisins, að svo margir háttv. deildarmenn væru okkur sammála, að nokkrar líkur væru á, að fram gengju brtt. í þessa átt, þá munum við bera þær fram til 3. umr.

Að svo komnu máli getum við ekki annað en lagt það til, að frumv. verði felt, eins og það nú liggur fyrir, og mun nánari grein verða gerð fyrir þeirri afstöðu okkar í framsögunni.

Alþingi, 17. mars 1928.

Magnús Guðmundsson, Hákon Kristófersson.
frsm.